

16. desember 2011

## Niðurstaða athugunar á starfsháttum Landsbankans hf. m.t.t. fjárfestaverndar

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 1. og 3. mgr. 9 gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, athugun á tilteknum viðskiptum Landsbankans með verðbréf með tilliti til þess hvort fylgt hafi verið ákvæðum 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.). Umrædd viðskipti áttu sér stað í september 2010.

Þá var einnig gerð athugun á tilteknum þáttum er varða starfs- og viðskiptahætti Landsbankans með tilliti til II. kafla laga vvl. er varðar fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Landsbankanum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við drög að niðurstöðum athugunarinnar þar sem tilgreindar voru athugasemdir og gerðar úrbótakröfur vegna þeirra. Endanleg niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var síðan send Landsbankanum í nóvember 2011 og hafði þar verið tekið tillit til sjónarmiða bankans eftir því sem efni þótti standa til. Það skal tekið fram að niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var vegna hennar og miðast við stöðuna eins og hún var á úttektartímabilinu.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við framkvæmd umræddra viðskipta með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 18. gr. vvl. og krafðist úrbóta er tryggðu að ákvæðið yrði virt í framtíðinni. Í svari Landsbankans kom fram að bankinn hefur breytt verklagi sínu við framkvæmd sambærilegra viðskipta og hér um ræðir, með það að markmiði að tryggja að viðskiptavinir bankans fái bestu mögulega niðurstöðu.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að Landsbankinn uppfyllti ekki að öllu leyti skyldu sína um undirritun samnings við viðskiptavini á pappír eða öðru varanlegu formi, sbr. 9. gr. laga um verðbréfiðskipti og 27. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, og krafðist þess að tryggt yrði að allir viðskiptavinir undirrituðu slíkan samning áður en til viðskipta kæmi.

Ekki var lagt mat á viðskiptaskilmála Landsbankans, en Fjármálaeftirlitið benti á nokkur atriði í skilmálunum er skilgreina eða skýra mætti betur í ljósi þess að þeir eru ætlaðir almennum fjárfestum. Í svarbréfi Landsbankans kemur fram að almennir skilmálar bankans verði uppfærðir með tilliti til ábendinga Fjármálaeftirlitsins og tilkynning þar um send til viðskiptavina.

Athugunin leiddi ennfremur í ljós að Landsbankinn hafði ekki framkvæmt mat á hæfi og tilhlýðileika hjá öllum viðskiptavinum sínum áður en til viðskipta var stofnað, en kveðið er á um skyldu til þess í 35., 36. og 37. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, samanber 15. og 16. gr. vvl. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að slíkt mat hefði ekki farið fram og krafðist þess að tryggt yrði að mat á hæfi og tilhlýðileika væri lagt fyrir alla viðskiptavini, eftir því sem við á, áður en til viðskipta kæmi.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ